

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN MIÐVIKUDAGINN
22. MAÍ 2019 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Þórunn Kristinsdóttir yrði kosin fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Þórunn tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins. Einnig óskaði fundarstjóri eftir því að umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins yrði samhliða yfirferð ársreiknings. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

1. Skýrsla stjórnar

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður LSBÍ sagði að árið 2018 var á heildina litið farsælt ár fyrir sjóðinn. Úrvalsvísitala íslenskra hlutabréfa lækkaði um 1,3%, erlendir hlutabréfamarkaður gengu betur en styrking krónunnar í lok árs togaði þá hækkan niður og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 0,5% mælt í íslenskum krónum. Innlend skuldabréf reyndust hins vegar vel á árinu 2018 sem skiptir máli fyrir sjóð eins og okkar sem er með íhaldssama fjárfestingarstefnu og því með hátt vægi eigna í skuldabréfum. Raunávöxtun LSBÍ á árinu 2018 var 5,67% sem skipar okkur meðal efstu sjóða þessa árs. Þá er jafnframt ánægjulegt að geta þess að meðal raunávöxtun sl. 10 ára er 6,78%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur verið með eindæmum góð undanfarin ár líkt og sjóðfélagar þekkja. Á ársfundi 2016 var tryggingafræðileg staða sjóðsins 17,6% og voru áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 10% í kjölfarið. Árið 2015 voru réttindi aukin um 2% til viðbótar við 14% aukningu árið 2012. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er nú 5,70% sem er með hæstu jákvæðu stöðu sjóða í landinu og það í kjölfar mikilli aukninga réttinda síðast liðin ár. Engin sjóður státar af annarri eins sögu tryggingafræðilegrar stöðu og aukningu réttinda líkt og við höfum átt að venjast síðast liðin ár. Ávöxtun sjóðsins síðustu fimm og tíu ár er með ágætum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðast liðin 5 ár er 5,75% og ef litið er til síðustu 10 ára þá er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 6,78%. Þetta er vel yfir 3,5% mörkunum sem lífeyrissjóðir miða alla jafna við. Reyndar er það svo að í nýlegri úttekt Dr. Gylfa Magnússonar dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands á árangri allra lífeyrissjóða landsins sl 20 ár trónir okkar sjóður á

jk *lf*

toppnum í fyrsta sæti. Hér á eftir mun Hjörleifur Arnar Waagfjörð, forstöðumaður Eignastýringar fara nánar yfir ávoxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun fjalla um niðurstöður úr tryggingafræðilegri úttekt sinni á sjóðnum. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam tuttugu og þremur milljörðum sjöhundruð fimmtíu og níu milljónum króna í árslok 2018. Á árinu hækkaði hún um 3,52% sem er ánægjulegt að sjá hjá sjóði eins og okkar þar sem lífeyrisgreiðslur eru hærri en iðgjöld. Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 21 milljónir króna vegna 21 greiðandi sjóðfélaga, en iðgjöld til sjóðsins voru 24 milljónir árið áður og hafa þau því lækkað um 14,3%. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 8 færri en á árinu á undan en eins og kunnugt er þá er sjóðurinn lokaður fyrir nýjum greiðendum. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.256 milljónum króna sem er um 3,6% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 357. Meðalfjöldi þeirra sem þáði lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum á árinu var 348. Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir kynna helstu niðurstöður ársreiknings sjóðsins. Stjórn sjóðsins var óbreytt milli ára en hana skipuðu auk þess sem hér stendur og tók að sér stjórnarformennsku, Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Lára Jóhannsdóttir, doktor í viðskiptafræði og prófessor við Háskóla Íslands. Varastjórn stóð einnig óbreytt milli ára en hana skipa Brynja Þorbjörnsdóttir, Anna María Bragadóttir og Árni Emilsson. Í endurskoðunarnefnd sjóðsins sátu Tryggvi E. Geirsson, formaður, Lára Jóhannsdóttir og Þórunn Kristinsdóttir. Undir lok ársins 2018 tók Brynja Þorbjörnsdóttir sæti aðalmanns í stjórn og endurskoðunarnefnd í fjarveru Láru Jóhannsdóttur vegna námsleyfis erlendis. Jóhannes taldi horfur sjóðsins fyrir yfirstandi ár vera ágætar. Staða sjóðsins er sterk og framtíð sjóðsins er á heildina litið björt.

Jóhannes þakkaði góð samskipti við sjóðfélaga frá síðasta ársfundi og enn fremur þakka meðstjórnendum ánægjulegt samstarf. Jafnframt þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins, starfmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum haetti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.

2. Kynning ársreikning

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri LSBÍ fór yfir ársreikning LSBÍ 2018. Hún fór yfir breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum. Hún sagði að iðgjöldin hefðu dregist saman á milli ára um 17,4%, lífeyrir jókst um 3,6%, hreinar fjárfestingartekjur jukust um 4,8% og rekstrarkostnaður jókst um 19,4%. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris voru tæpir 23.760 milljarðar. Snædís fór yfir þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna frá árinu 2010 og þróun á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sundurliðun efnahagsreiknings og sjóðstreymis m.v. 31. desember 2018.

Snaðís fór yfir helstu skýringar og kennitölur úr ársreikningi 2018. Hún sýndi sérstakt yfirlit í ársreikningi um tryggingafræðilega stöðu 2018. Þar sem farið er yfir áfallna, framtíðar og heildarstöðu sjóðsins. Sjóðurinn hefur aukið réttindi í þrígang frá árinu 2008. Snaðís fór stuttlega yfir þróun tryggingafræðilegrar stöðu LSBÍ frá 2010. Snaðís fór yfir skýringu 5.1 um sundurliðun á rekstrarkostnaði, sem lækkaði frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður í hlutfalli við hreina eign í árslok 2018 var 0,08%. Farið var yfir sundurliðun á greiddum lífeyri á árinu 2018. Snaðís sagði frá áunnum lífeyrir sem átti að flytja yfir til Lífeyrissjóðs bankamanna 1998 en verið var að flytja núna. Snaðís sagði frá skýringu 8 í ársreikningi um helstu áhættuþætti í starfsemi og áhættustýringu sjóðsins.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta fór yfir ávöxtun og eignastýringu fyrir árið 2018 og það sem af er árinu 2019 sem og fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2019. Farið var yfir þróun markaða 2018 samanborið við árið 2017. Gengisvíitala krónunnar hækkaði um 7,3%, í samanburði við 2017 þá var styrking á krónunni um 0,3%. Staðan á erlendum hlutabréfum endaði á í 0% ávöxtun á árinu 2018 en var með um 10% ávöxtun á árinu 2017. Hjörleifur fór yfir ávöxtun sjóðsins á árinu 2017 og fór yfir sundurbrot ávöxtunar eftir eignaflokkum. Nafnávöxtun sjóðsins var 9,1% og raunávöxtun var 5,7%. Hjörleifur fór yfir ávöxtun á móti viðmiði innlendra hlutabréfa og skuldabréfa sem og á móti viðmiði erlendra skuldabréfa og hlutabréfa. Hjörleifur sýndi ávöxtun sjóðsins frá árinu 1997, meðalraunávöxtun frá árinu 1997 var 6,4%. Meðal raunávöxtun síðustu 5 ára var 5,7% og síðustu 10 ára var hún 6,8%. Hjörleifur sagði að það væri leitun að annarri eins langtímaávöxtun.

Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, hann sagði að ekki væri um verulegar breytingar að ræða á stefnu sjóðsins frá fyrra ári, staða í erlendum bréfum var aukin lítillega. Hjörleifur sýndi yfirlit yfir eignasamsetningu sjóðsins og fór yfir sundurliðun á innlendum hlutabréfum og skuldabréfum sjóðsins. Hjörleifur fór stuttlega yfir stöðu sjóðsins, það sem af var ári 2019. Hjörleifur sagði að ávöxtun 2019 frá áramótum til 16. maí 2019, færi mjög vel af stað. Raunávöxtun tímabilssins var um 8,7% og voru innlend og erlend hlutabréf að skila mestu framlagi til heildarávöxtunar á tímabilinu.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir.

Sigurður Kristjánsson sagði að í fyrra tapaði sjóðurinn á USI, hann ákvað af því tilefni að bera saman ársreikninga, 2014, 2015, 2016 og 2018. Sigurður benti á að breyting á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða árið 2015 hafi torveldað samanburð. Hann skoðaði fjárfestingar sjóðsins á þessum tímabilum

WMC
JG

og gerði athugasemd við það að í skýringum kæmi fram heilmikið tap á eignum í hlutabréfum og þá kannaðist hann ekki við sumar fjárfestingar þarna og fannst skorta á upplýsingar á heimsíðu sjóðsins eða rekstrarfélaga sem halda utan um einstakar fjárfestingar. Tók hann sérstaklega dæmi um SREII sjóðinn. Þá kæmi líka fram tap á sjóðum sem hétu IS15 og IS5. Tapið væri meira en USI tapið á meðan sjóðurinn er að hafa miklar tekjur af skuldabréfum. „Voru menn ekki nægilega fljótir að selja meðan að þetta var í hæstu hæðum?“ Ég óska eftir að fá umræðu um þessi mál en þakka samt stjórn sjóðsins fyrir vel unnin störf.

Snædís þakkaði Sigurði ítarlega fyrirspurn og fagnaði umræðu um málið, hún sagði að fram komi í skýringu 4.2 að tap væri á sumum eignum en hækkan á öðrum, líkt og getur verið með eignir í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum. Slíkar eignir sveiflast í verði og fyrir lægi að síðustu allra síðustu ár hafi ekki verið beisin á hlutabréfamörkuðum hér heima. Í umræddri skýringu væri hins vegar einungis verið að atelja fram 20 stærstu eignirnar, ef horft væri til allra eigna líkt og gert er í reikningnum sjálfum má sjá að heilt yfir kemur sjóðurinn vel út. Líkt og fram kom í kynningu Hjörleifs þá er eignasafn sjóðsins dreift og slík dreifing er mikilvæg þar sem ekki allir flokkar gefa góða ávöxtun öll ár. meðal ávöxtun yfir langt tímabil er það sem skiptir máli og þar hefur LSBÍ tekist afar vel til. Það mætti hins vegar vel skoða það og stjórn er stöðugt með það í skoðun að auka vægi skuldabréfa enda slík stefna í takt við þróun sjóðsins. Það þarf hins vegar að hafa í huga að í lækkandi vaxtauhverfi þarf sjóðurinn að leita víðar en einungis í skuldabréf ætli hann sér að ná 3,5% ávöxtun. Hvað varðar þá sjóði sem nefndir eru sérstaklega í fyrirspurninni þá eru tveir sjóðir að fjárfesta í innlendum hlutabréfum sem útskýrir lækkunina á þeim tiltekin ár en hækkan önnur. Í fyrra þá fór árið mjög vel af stað, en það snarsnérast á lokametruminum. Hvað varðar SREII þá mun Hjörleifur fara yfir hann hér á eftir. Að lokum ítrekaði Snædís þakkir fyrir góða fyrirspurn og tók undir það að að sjálfsögðu vill sjóðurinn helst af öllu aldrei tapa neinu en það er nánast óhugsandi að vera ekki með einhverjar eignir sem ganga verr en aðrar. Mikilvægast er að safnið sé vel stillt af með tilliti til dreifingu eigna, áhættu og markmiði um ávöxtun og að heildarávöxtun hvers árs og þar með meðaltalsávöxtun yfir langan tíma sé góð.

Hjörleifur tók við og fór yfir SRE II, um er að ræða fagfjárfestasjóð sem stofnaður er eftir hrun, hann var lokaður sjóður og lauk sínum líftíma. Ársávöxtun þessa sjóðs var 15%. Þar sem sjóðurinn er ekki opin almenningi eru engar upplýsingar um hann á heimasíðu Stefnis. Stjórn sjóðsins og eignastýring fær hins vegar greinagóðar upplýsingar og ákvörðun um fjárfestingu í sjóð sem þessum er tekin af stjórn.

Erla Þorsteinsdóttir, þakkaði Sigurði fyrir sínar athugasemdir. Hún spurði út í dánarbæturnar og af hverju þær lækka svona mikið milli ára ?

Snaðís sagði skýringuna vera þá að einungis einn sjóðfélagi féll frá í fyrra, engin breyting hafi orðið á fyrirkomulagi dánarbóta.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir fjárfestingarstefnu LSBÍ fyrir árið 2019. Hjörleifur sagði að hlutfall í erlendum fjárfestingum var aukið lítillega, dregið var úr vægi innlendra skuldabréfa, óskráðar innlendar fjárfestingar vega nú minna og aukin áhersla væri á sértryggð skuldabréf, skuldabréf traustra fyrirtækja og veðskuldabréfa. Vikmörk voru aðlöguð til samræmis við áherslubreytingar.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Bjarni Guðmundsson kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31.12.2018. Hann sagði helstu forsendur útreikninga vera ákveðna með reglugerð sem fjármálaráðuneytið gefur út. En frávik eru heimil ef það er talið gefa betri mynd af stöðu viðkomandi sjóðs. Mikilvægustu forsendur eru vextir og lífslíkur. Bjarni sagði að engar breytingar voru gerðar frá fyrri athugun, ársins 2017. Lífslíkur eru skv. Reiknigrundvelli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2015. Örorkulíkur 60% afmeðaltali og reynslu íslenskra lífeyrissjóða árinu 1998-2002. Ávöxtun væri miðuð við 3,5% umfram hækjun verðlags. Heildarstaða LSBÍ er 5,7% en var 4,2% árið 2017. Áfallin staða var 5,1% en er nú 6,4%. Staðan er því innan vikmarka laga nr. 129/1997. Bjarni sagði að verði heildarstaða -5% eða +5% fimm ár í röð er sjóðnum skylt að grípa til aðgerða skv. lögum 129/1997. Bjarni sagði ávöxtun ársins 2018 vera mjög góða og stöðu sjóðsins áberandi góða.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

Ársreikningur LSBÍ 2018 lagður til samþykktar, hann var samþykktur samhljóða.

5. Kjör endurskoðanda

Stjórn gerði tillögu um að Íslenskir endurskoðendur ehf., Ómar Kristjánsson löggiltur endurskoðandi sjái um endurskoðun sjóðsins. Fráfarandi endurskoðendur sjóðsins Guðni Þór Gunnarsson, kveður sjóðinn eftir 7 ára vinnu við sjóðinn. Stjórn þakkaði honum samstarfið og góð störf fyrir sjóðinn.

plk *Vfj*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kjör tveggja stjórnarmanna og varamanna þeirra

Snaðís kynnti kjör tveggja stjórnar- og varamanna. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal fundur sjóðfélaga kjósa 2 stjórnarmenn af þremur og two til vara. Arion banki tilnefnir einn stjórnemann og einn varamann. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn. Fyrir liggja framboð til aðalstjórnar, Jóhannes Ingvarsson og Tryggi E. Geirsson núverandi stjórnarmenn LSBÍ. Í framboði til varastjórnar voru Anna María Bragadóttir og Árni Emilsson.

EKKI bárust önnur framboð og var tillagan samþykkt samhljóða.

Arion banki tilnefnir Brynju Þorbjörnsdóttur í aðalstjórn og til vara Láru Jóhannsdóttur.

7. Laun stjórnarmanna

Snaðís bar fram tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna, sem var eftifarandi.

Stjórn gerir tillögu um eftifarandi stjórnara laun:

Aðalmenn: 107.000 á mánuði

Formaður: 214.000 á mánuði

Varamenn: 53.500 fyrir hvern setinn fund

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir önnur mál.

Fáum við enga hækkun? spurði sjóðfélagi úr sal.

Snaðís Ögn Flosadóttir svaraði því til að lífeyrir fylgi vísitölu neysluverðs, hún hefur ekki hækkað mikil undanfarið. Sjóðurinn hefur aukið réttindi í þrígang á sl. 10 árum og staðan í ár er góð. Ekki þykir þó skynsamlegt að ráðast í frekari hækkanir í ár.

NEL
Vig

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þá sagði fundarstjóri fundi formlega slitið kl. 18:35.

Reykjavík, 22. maí 2019.

Pórunn Kristinsdóttir

Pórunn Kristinsdóttir fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir

Unnur Elín Jónsdóttir ritari